

Nd.

460. Frumvarp til laga

[215. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Júlíusson, Ragnar Guðleifsson,
Jón Skaftason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

2. gr.

Landspildurnar eru:

I. Landspilda, sem afmarkast að vestan af mörkum Vífilsstaða og Hofstaða, að norðan af mörkum Fifuhvamms, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af Vífilsstaðavegi.

II. Landspilda, sem afmarkast að vestan og norðan af girðingu við Hraunsholtslæk, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af mörkum Urriðavatns.

3. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sveitarstjórnin í Garðahreppi hefur með bréfi, dags. 21. marz 1969, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því, að frumvarp til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til sölu á landspildum úr landi Vífilsstaða verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi. Í bréfinu er gerð grein fyrir þörf hreppsins til að eignast landið.

Fylgiskjal.

Garðahreppi, 21. marz 1969.

Hreppsnefnd Garðahrepps hefur falið undirrituðum að hlutast til um það, að Garðahreppur fái keyptar tvær landspildur úr Vífilsstaðalandi.

Spildur þessar eru sýndar á meðfylgjandi korti og mörkum þeirra lýst í frumvarpinu.

Til rökstuðnings þessari beiðni er rétt að taka fram eftirfarandi:

1. Önnur spildan er norðan Vífilsstaðavegar og er stærð hennar um 66 ha. Hún nær að mörkum Hofstaða, en þá jörð hefur Garðahreppur nú keypt. Austurmörk hennar eru fyrirhugaður Suðurnesjavegur, en hann mun takmarka byggðina til austurs. Austan þessa vegar eiga Vífilsstaðir mikið land, sem ekki verður skert. Á næstu árum mun byggðin rísa í Hofstaðalandi og þessari spildu úr Vífilsstaðalandi, ef hún fæst keypt. Allt svæðið vestan fyrirhugaðs Suðurnesjavegar hefur verið skipulagt, og hafnar eru byggingarframkvæmdir á hluta þess. Mjög mikilvægt er, að byggðin þróist með eðlilegum hætti, þ. e. að hægt verði að beina byggðinni á samfellt svæði, sem jafnframt er ákjósanlegt byggingarland.
2. Hin spildan er um 27 ha. að stærð og er í hrauninu sunnan Hraunsholtslækjar. Afmarkast hún að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi og mun því, eins og hin, slitna úr tengslum við Vífilsstaðaland með tilkomu vegarins. Ekki er gert ráð fyrir, að byggt verði nema á hluta þessarar spildu, heldur verði þar opið svæði. Hins vegar verður að teljast eðlilegt, að Garðahreppur eignist spilduna, eins og raunar allt land vestan hins fyrirhugaða vegar.

Á undanförunum árum hefur byggð aukizt mjög í Garðahreppi. Íbúatala hreppsins 1. desember 1968 var 2529. Samkvæmt skipulagsáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið er ætlað, að í Garðahreppi verði 7—8 þúsund íbúar árið 1983. Til þess að svo geti orðið, er hreppnum nauðsynlegt að hafa umráð landsins, þannig að byggðinni verði beint á hentugustu staðina.

Af eðlilegum ástæðum er mikil ásókn í byggingarlóðir í hreppnum, þar sem á hinum skipulögðu svæðum er hið ákjósanlegasta byggingarland. Hlýtur það að vera þjóðhagslega hagkvæmt að beina byggðinni á beztu byggingarlöndin.

Hreppsnefndin væntir þess, að hið háa Alþingi taki jákvæða afstöðu til þessa máls.

Virðingarfyllst,

sveitarstjórinn í Garðahreppi,
Ólafur G. Einarsson.

